

EBE-035-1

Eftirlitsflug vegna eldgosavöktunar - samantekt

Dags. 27. febrúar 2015

Nafn eldstöðvar: Holuhraun / Bárðarbunga

Sérfræðingar Veðurstofunnar sem fóru í flugið: Elín Björk Jónasdóttir / Kristín Jónsdóttir

Samantekt og niðurstöður:

Flogið var með TF-LÍF þann 27. febrúar 2015. Tilgangur ferðarinnar var að staðfesta þær fregnir sem bárust fyrir sama dag um að engi glóð væri lengur að sjá í gígnum í Holuhrauni.

Flogið var með þyrlu Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF. Brottför frá flugskýli LHG var um kl. 17:30. Ásamt vísindamönnum Veðurstofunnar voru Björn Oddsson frá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og Gro Birkefeldt frá Háskóla Íslands.

Flogið var til norðausturs frá Reykjavík yfir Hellisheiði og Skálafell og þaðan sem leið lá að Geysi. Komið var að gosstöðvunum um kl. 19:15. Vindur í lofti var norðaustalægur, víða 20-30 hnútar. Í Reykjavík var bjartviðri, en fremur lágskýjað við eldstöðina. Ekki var úrkoma en þó varð vart við lítilsháttar ísingu á þyrlunni. Í Holuhrauni var hæg breytileg átt og 5 stiga frost.

Þegar komið var að var orðið alveg dimmt og með berum augum sást nánast ekki neitt. FLIR vél HÍ var meðferðist og í henni sást að hitinn í börmum gígsins var enn talsverður, en kaldara var í botni gígsins. Ekki sást merki um að ný kvika væri að koma upp. Gasmælir var um borð í þyrlunni. Hann mældi mest 0,5 PPM af SO₂. Flogið var að suðvestur jaðri hraunsins og lent. Þar var gengið með gasmæli upp að hraunbreiðunni og mældist hæsta gildi þar 0,4 PPM, þó sást í gufu stíga frá hrauninu og fannst nokkur brennisteinslykt.

Þyrlan fór aftur í loftið um kl. 19:55 og var þá flogið yfir hraunbreiðuna sem og gígana. Í norðaustanverðri hraunbreiðunni sást glóð á nokkrum stöðum í gömlum útbrotum en annars var ekkert að sjást. Mesti hitinn sem FLIR vélin mældi var 560 °C samanborði við 1200 °C áður.

EBE-035-1

Eftirlitsflug vegna eldgosavöktunar - samantekt

Af gögnunum að dæma var því augljóst að gosinu var lokið. Kl. 04:22 þann 27. febrúar sást hitaútreymisfrávik á greiningum MIROVA. Gosinu hefur því líklega lokið snemma dags 27. febrúar.

Eftir nokkra hringi yfir hrauninu var flogið áleiðis til Akureyrar. Þar var stutt eldneysis og kaffipása, og síðan flogið til Reykjavíkur. Lending var í Reykjavík um kl. 22:35.
